

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

46. gr. 2. málsg. laganna orðist svo: Réttur samkvæmt fjárnámssgerð í fasteign, skráningarskyldu skipi, skrásettum bifreiðum og loftförum er háður þinglýsingu samkvæmt lögum um þinglýsingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv., sbr. einkum V. og VI. kafla þess, er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. þegar til réttinda er stofnað fyrir aðför. Þykir því rétt að leggja til, að 46. gr. aðfararlaganna sé breytt til samræmis við þær reglur, sem fram koma í frv. til þinglýsingarlaga.